




Viðmið um gæði foreldrasamstarfs



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

	1. Aðgreining- Breyta til betri vegar	2. Samskipti - Laga það sem má bæta	3. Samstarf- Viðhalda góðu verklagi
Samstarfið um hvern einstakan nemanda 	<p>Almennt er lítið svo á að foreldrar beri ábyrgð á uppeldi barna sinna en skólinn sjá um kennsluna. Þess er ekki vænst að skólaforeldrar hafi afskipti af starfinu í skólanum. Samstarfið felst einkum í því að skólinn veitir foreldrum upplýsingar. Markmið samstarfsins er aukin aðstoð foreldra og stuðningur þeirra við ákvarðanir skólans. Að skólaforeldrar séu samstíga skólanum.</p>	<p>Skólinn upplýsir foreldra skipulega um stöðu nemandans með tölvupósti/Mentor og í foreldraviðtölum. Aðrir fundir s.s. símafundir eru haldnir eftir þörfum. Skólaforeldrar eru almennt velkomnir í skólann þar sem þeir fá vinsamlegar móttökur. Áhersla er lögð á að foreldrar virði og treysti skólanum og að samskiptin séu góð. Ágreiningur foreldra og skóla er talinn óæskilegur.</p>	<p>Allar mikilvægar ákvarðanir sem varða líðan og nám nemandans eru teknar í samstarfi við viðkomandi foreldra og nemandans þegar það á við. Skólinn lítur á skólaforeldra sem mikilvæga samstarfsaðila og leiðir samstarf sem einkennist af jafnræði og aðlögun að þörfum allra fjölskyldna. Foreldrar eru samstarfsmenn, ekki gestir eða aðstoðarmenn. Tillögum allra foreldra er tekið með opnum hug og tekist er á við ágreining á málefnalegan og lausnarmiðaðan hátt.</p>
Samstarfið um einstaka bekki eða hópa 	<p>Samstarfið um bekkinn/hópinn er bundið við félagsstarf. Það er í höndum bekkjafulltrúa að bera ábyrgð á innbyrðis samstarfi foreldranna. Skólinn veitir aðstoð en frumkvæðið kemur frá foreldrum.</p>	<p>Umsjónarkennari stendur fyrir a.m.k. einum upplýsingafundi fyrir foreldra á ári og auk þess fyrir a.m.k. einni bekkjarskemmtun. Skólaforeldrum er auk þess boðið á sérstakar kynningar og skemmtanir í skólanum. Markmið samstarfisins er að stuðla að góðum samskiptum, annars vegar í foreldrahópnum og hins vegar milli umsjónarkennara og foreldra. Umsjónarkennari hvetur bekkjafulltrúa í félagsstarfinu og veitir þeim stuðning eftir því sem þörf er á.</p>	<p>Umsjónarkennari veitir öllum foreldrum hlutdeild í náms- og félagslegum markmiðum bekkjarins/hópsins og daglegu starfi hans með upplýsingum, umræðufundum og verkefnum. Umsjónarkennari og bekkjafulltrúar stuðla í sameiningu að því að allir foreldrar taki markvisst þátt í að efla jákvæð viðhorf nemendahópsins til samskipta, náms og lífsstíls. Samræmi ríkir í viðhofum til hlutverks skóla og skólaforeldra. Samstarf umsjónarkennara og skólaforeldra um nemendahópinn einkennist af jafnræði, gagnkvæmri virðingu og trausti og sameiginlegum gildum.</p>
Samstarfið um skólann sem heild 	<p>Foreldrafélagið stendur fyrir atburðum í skólanum sem tengjast félagsstarfi. Skólinn aðstoðar með því að veita afnot af húsnæði. Skólaráð fundar nokkrum sinnum á ári þar upplýsir skólastjóri ráðið um ýmis hagnýt mál.</p>	<p>Foreldrafélagið gegnir mikilvægu hlutverki í félagsstarfi skólans og það kemur einnig að hagnýtum verkefnum í samstarfi við stjórnendur skólans. Samstarf foreldrafélags og skólastjóra er í föstum skorðum. Skólaráð fundar reglulega og fjallar um ákveðin málefni í samræmi við lög um grunnskóla.</p>	<p>Starf skólaráðs og foreldrafélags er álitð mikilvægt í öllu skólasamfélaginu. Skólinn, foreldrafélag og skólaráð vinna saman að eflingu góðs skólabrags í samstarfi við nemendur m.a. með sameiginlegum atburðum og ákvörðunum. Skólaráð er virkur samráðsvettvangur um stefnu og starfsáætlan skólans í samræmi við lög um grunnskóla.</p>

